

Verkefni

- 1 Hvaða forsendur getur hagfræðin sér um markmið framleiðenda, neytenda og eigenda framleiðsluþáttanna á markaðnum?
- 2 Hvaða máli skiptir fjöldi aðila á markaði og aðgengi framleiðenda að markaðnum?
- 3 Hvaða máli skiptir hvort varan á markaði er stöðluð eða að einhverju leyti frábrugðin öðrum vörum sem seldar eru á sama markaði?
- 4 Hvað er ofurgróði og hver er ástæða þess að hann getur haldið til lengri tíma á markaði?
- 5 Hvaða munur er á mörkuðum þar sem framleiðsluþættirnir eru hreyfanlegir og þeim mörkuðum þar sem þeir eru það ekki?
- 6 Hver eru helstu einkenni fullkominnar samkeppni? Teiknaðu upp slíkar markaðsaðstæður og útskýrðu þær.
- 7 Hver eru helstu einkenni einokunar? Teiknaðu upp slíkar markaðsaðstæður og útskýrðu þær.
- 8 Hver eru helstu einkenni ófullkominnar samkeppni? Teiknaðu upp slíkar markaðsaðstæður og útskýrðu þær.
- 9 Hver eru helstu einkenni fákeppnimarkaða? Teiknaðu upp slíkar markaðsaðstæður og útskýrðu þær.

Helstu verkefni opinberra aðila í blönduðu hagkerfi

11

Mikil umræða hefur skapast undanfarna áratugi um eðlilega verkaskiptingu milli opinberra aðila og einkaaðila. Margar ástæður eru fyrir því að þjóðir hafa látið mörg og ólík verkefni í hendur opinberra aðila. Stundum er það af sögulegum ástæðum. Fjöldmörg fyrirtæki og heilu atvinnugreinarnar voru þjóðnýttar í Bretlandi eftir seinni heimsstyrjöldina. Ástæðan var sú að enginn einkaaðili hafði fjárhagslegt bolmagn til að reida fram allt það fé sem nauðsynlegt var til að endurreisa fyrirtækin sem flest voru í mikilli niðurníðslu.

Markaðurinn hentar ekki alltaf vel til að sjá okkur fyrir þjónustu. Þetta kemur einna skýrast fram þar sem ekkert verð er á markaðnum eða þar sem auðlindirnar eru í samfélagslegri eign. Við skulum líta á helstu verkefni ríkis og sveitarfélaga í blönduðum hagkerfum og helstu ástæður þess að þau eru ekki í höndum markaðarins og einkaaðila.

1. Opinberir aðilar mynda lagaramma utan um efnahagslífið
Markaðurinn stjórnast af einkahagsmunum og hagnaðarvon og til þess að hin sterka hagnaðarvon eða löngun til að græða valdi ekki skaða þarf ríkisvaldið að setja lög um starfsemi fyrirtækja og einstaklinga á markaðnum. Í lögum er tekið fram hver eru réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda, hvað er leyfilegt og hvað ekki á fjármálamarkaði eða í rekstri fyrirtækja. Með lögum er ákveðið hvernig starfseminni á markaðnum skuli háttad. Þar er til dæmis tekið fram hverjir megi stunda lækningar, kennslu, akstur flutningabíla o.s.frv. Fyrirtækjum er meinað



Neikvæð ytri áhrif

að hafa samráð um verð og óheimilt er að selja matvöru nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Fyrirtækjum ber að veita upplýsingar um framleiðsludag, síðasta söludag, innihald matvælna o.s.frv. Þótt þægilegast og ódýrast sé að setja úrganginn frá verksmiðjunni beint út í sjó, fleygja honum á öskuhaugana eða út í næstu á þarf að vernda náttúruna og almenning fyrir náttúruspjöllum af þessu tagi sem oftast er ekki eru hættuleg heilsu manna. Þar er um að ræða svokölluð neikvæð ytri áhrif í framleiðslunni.

Hér skortir löggjöf til að koma í veg fyrir skaða þjóðfélagsins af þessu tagi. Sumarbústaðaeygandi, sem er leiguliði og breytir örfoka landi í gróðurvin, hugsar um ánægju sína af fallegu umhverfi og nýtur þess að sjá gróðurinn breytast og fuglunum fjölga. Afleiðingarnar af vinnu hans og kostnaði við uppgræðsluna og trjáæktina eru samt miklu meiri en þær sem hann tekur með í reikninginn. Uppgræðslan breytir verðmæti landsins, veðurfarinu og ekki síst eftirspurn fólks eftir landi í nágrenninu. Hver vill ekki eiga sumarbústað í nágrenni við gróðurvin eða þjóðgarð? Og hver vill búa við hliðina á öskuhaugum eða olíumeng-uðu landsvæði?

Ytri áhrif eru áhrif af framleiðslu eða neyslu sem neytandinn eða framleiðandinn veldur öðrum vegna neyslu sinnar eða framleiðslu. Þessi áhrif geta verið neikvæð eða jákvæð og valda því að meira eða minna er framleitt af vöru en þjóðhagslega hagkvæmt getur talist. Framleiðandi sem eyðileggur umhverfi sitt með mengun tekur ekki tillit til þjóðfélagslegs kostnaðar, heldur einungis einkakostnaðar af framleiðslunni og framleiddi minna ef hann þyrfti að greiða allan kostnað umhverfisins af framleiðslunni.

2. Ríkið framleiðir og kaupir alls konar vörur og þjónustu

Ríkið eða sveitarfélögin byggja og reka skóla, leikskóla, heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Þau byggja hafnir, flugvelli, brýr og vegakerfi og halda þessum mannvirkjum við. Sveitarfélögin starfrækja opinber samgöngukerfi, þau reka t.d. strætisvagnþjónustu og neðanjarðarlestir víða í stórborgum erlendis. Það eru margar ástæður fyrir því að ýmis þjónusta er framleidd opinberlega og greidd með sköttum eða niðurgreidd til neytenda. Stundum teljum við það réttlætismál og einnig er þjóðhagslega hagkvæmt að allir

hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu og að skólaganga sé ekki forréttindi þeirra efnameiri. Ef þessi þjónusta væri seld á kostnaðarverði gætu miklu færri nýtt sér hana. Menntun og heilsuvernd nýtist ekki einvörðungu þeim sem hana kaupa heldur þjóðfélaginu öllu. Það er hagnaður fyrir þjóðfélagið allt þegar einstaklingar auka við menntun sína. Hér eru einkahagsmunir þess sem menntunina kaupir minni en þjóðhagslegir hagsmunir af menntuninni.

Hér er því dæmi um jákvæð ytri áhrif af neyslu. Minna er framleitt en þjóðhagslega hagkvæmt getur talist þar sem einstaklingarnir taka ekki jákvæð ytri áhrif með í reikninginn þegar þeir kaupa sér menntun eða heilsugæslu á markaði.

Aukin menntun og heilsugæsla eykur hagvöxt sem bætir lífskjör allrar þjóðarinnar. Betur menntað og hraust vinnuafli afkastar meiru en veikt fólk og ómenntað. Ef heilbrigðisþjónusta og menntun er seld neytendum á kostnaðarverði dregur úr hagvexti og lífsskjörum í framtíðinni. Ódýrar og góðar almenningssamgöngur draga úr mengun, umferðaróhöppum og slysum, auk þess sem þær minnka þörfina fyrir stærri samgöngumannvirki þegar fólkinu fjölga.


Góðar almenningssamgöngur spara því þjóðfélaginu milljarða í minni útgjöldum til heilbrigðis- og samgöngumála. Þessi sparnaður bætist við þá þjónustu sem einstaklingurinn greiðir fyrir þegar hann fer í strætó en þar er hann eingöngu að greiða fyrir að komast frá einum stað til annars.

Þegar foreldrar láta bólusetja börn sín við mislingum greiða þeir fyrir minnkandi líkur á því að þau fái sjúkdóminn. En bólusetningin minnkar einnig líkur á því að önnur börn sem ekki eru bólusett smitist. Ef bólusetningar eru seldar á kostnaðarverði en ekki niðurgreiddar eða látnar í té endurgjaldslaust eru þess vegna færri börn bólusett en þjóðhagslega hagkvæmt getur talist. Þetta eru allt dæmi um ytri áhrif í neyslu sem markaðurinn getur ekki tekið með í reikninginn.

3. Ríkið jafnar tekjur og sér um að greiða svokallaðar millifærslur Á markaðnum fá þeir einir tekjur sem hafa þar eitthvað að selja



Jákvæð ytri áhrif



og geta þannig séð sér farborða. Markaðurinn getur ekki tryggt öllum tekjur, jafnvel þótt viðkomandi sé ungur, hraustur, vel menntaður og vinnufús.

Allir geta veikt, orðið fyrir slysi eða orðið óvinnufærir, annaðhvort varanlega eða tímabundið. Ef okkur auðnast að ná háum aldri hættum við að selja vinnuafli okkar á markaðnum. Stundum greiðir markaðurinn svo lág laun fyrir fullan vinnudag að þau duga ekki til framfærslu, t.d. ef börnin eru mörg. Stundum er eftirspurnin eftir vörum og þjónustu á markaðnum svo lítil að hún dugir ekki til að veita öllum vinnufúsum höndum atvinnu.

Ríkið og sveitarfélögin sjá þess vegna um að greiða bætur til þeirra sem af einhverjum ástæðum geta ekki séð sér farborða á markaðnum. Dæmi um slíkar greiðslur eru barnabætur og barnabótaauki fyrir tekjulitla foreldra, slysabætur, sjúkradagpeningar, örorkubætur, ellilífeyrir, tekjutrygging, húsaleigubætur, fæðingarorlofsgreiðslur o.s.frv.

4. Opinberir aðilar afla tekna til að greiða fyrir samneysluna

Ríkið og sveitarfélögin þurfa að afla tekna til að standa undir útgjöldum sínum. Þau hafa þar af leiðandi tekjuöflunarhlutverk. Teknanna afla þau á ýmsan hátt með beinum eða óbeinum sköttum.² Á mynd 11.1 má sjá hvernig skatttekjur ríkisins skiptast árið 2007.

5. Ríkið sér um hagstjórnina

Hagkerfið getur ekki af eigin rammleik tryggt svokallaðan stöðugleika. Hagsveiflur er það kallað þegar landsframleiðslan sveiflast á milli þensluskeiða og samdráttartíma. Þenslutímar einkennast af verðbólgu, fullri atvinnu, hækkandi launum og

¹ Sótt á vef Alþingis. þjst. 550, 133. löggjafarþing.

² Beinir skattar eru skattar sem lagðir eru á tekjur og eignir en óbeinir skattar eru skattar sem lagðir eru á vörur og þjónustu sem við kaupum. Algengasti óbeini skatturinn er virðisaukaskattur sem er í daglegu tali kallaður „vaskur“.


mikilli eftirspurn. Samdráttartímar einkennast hins vegar af minnkandi tekjum, minni eftirspurn, atvinnuleysi og stöðugu eða jafnvel lækkandi verðlagi. Á mynd 11.2 sjáum við dæmi um þetta þar sem landsframleiðslan á mann lækkar frá 1986 til 1992 en árið 1995 varð atvinnuleysið 5% sem er hæsta ársmeðaltal tímabilsins frá 1945–2007.³

Markaðurinn getur ekki tryggt stöðugleika í efnahagslífinu, hvorki hvað snertir framleiðslu, verðlag eða vinnumarkað. Hann getur hvorki tryggt eðlileg rekstrarskilyrði fyrirtækjanna né séð til þess að næg atvinnutækifæri séu alltaf fyrir hendi fyrir vinnandi fólk.

Ríkið þarf af þessum sökum að draga úr hagsveiflunum og tryggja eðlilegt og stöðugt rekstrarumhverfi. Í þessum tilgangi beitir ríkið hagstjórnartækjum sínum en þau skiptast í fjármálategi, peningamálategi og beinar íhlutanir.

6. Markaðurinn hefur ekkert timaskyn og sumir hlutir hafa ekkert verð. Slíkir hlutir verða aldrei framleiddir á markaði

Ung börn og komandi kynslóðir hafa ekkert atkvæði á markaðnum og markaðurinn hugsar aðeins um að hafa hagnað af framleiðslunni í dag en hyggur ekki að því hvort nokkur fiskur verði eftir í sjónum handa þeim sem á eftir koma eða hvort andrúmsloftið verður óþolandi í framtíðinni vegna iðnaðarmeng-



Mynd 11.2 Landsframleiðsla á mann, m.v. fast verðlag 1980=100

³ Sjá veitir fjármálaráðuneytisins 21. september 2006.



„Við erum framtíð bæjarins og samt spyr enginn hvað okkur finnst.“
Sögðu nemendur í Hafnarfirði árið 2007 þegar þeir mótmæltu stöðkun Álfarsins í Straumsvík.

Samneysluvörur

Einkaneysluvörur

ekki hugann að mikilvægi þess fyrir en það fer að skorta. Sum fyrirtæki og einstaklingar nota ókeypis auðlindir eins og þær séu einskis virði ef þau þurfa ekkert að borga fyrir að spúa eitri út í andrúmsloftið eða losa rusl í sjóinn.

Hér er um að ræða heikvæð ytri áhrif af neyslu og framleiðslu. Eitt af hlutverkum ríkisins er að taka í taumana og verja sameiginleg verðmæti þjóðarinnar með lagasetningum, fræðslu og opinberu eftirliti – ella verða þessar auðlindir eyðilagðar. Að verja náttúruauðlindir og tryggja ókomnum kynslóðum rétt til að njóta þeirra er eitt meginhlutverk umhverfislöggjafar og umhverfisfræðslu um allan heim. Skipuleg fræðsla um umhverfismál er trúlega besta leiðin til að allir leggi sig fram og gangi vel um náttúruauðlindirnar. Við höfum þær aðeins að láni og okkur ber að skila þeim til komandi kynslóða, helst í betra ástandi en þær voru þegar við tókum við þeim.

Samneysluvörur eru vörur sem er erfitt eða ómögulegt að útiloka fólk frá því að nota þótt það greiði ekki fyrir þær. Slíkar vörur verða aldrei seldar á markaði. En vörurnar sem við kaupum okkur úti í búð eru svokallaðar einkaneysluvörur. Við kaupum okkur snúð og borðum hann sjálf og enginn annar nýtur góðs af honum. Hér er heildarneysla á snúðum á dag samanlögð neysla okkar allra.

Samneysluvörur eru gerólikar einkaneysluvörum. Hér er neysla Jóns sú sama og neysla Gunnu og þessi neysla hvors um sig er jöfn heildarneyslunni. Ef Jón byggir sér snjóflóðavarnir sem duga til að verja hann og fjölskyldu hans, sem öll býr á Siglufirði, ver hann um leið alla íbúa Siglufjarðar, svo og alla þá

unar sem stafar ýmist af hugsunarleysi, söðaskap eða gróðafikn fyrirtækja og einstaklinga.

Hreint loft, kyrrð og friður, náttúrufegurð, hreinn ómengaður sjór, ár og vötn – allt er þetta mikils virði. Heimsóknir í mengaðar stórborgir færir okkur heim sönnun þess að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Hreina loftið, sem okkur finnst vera sjálfsagður hlutur, hefur ekkert verð á markaðnum og við leiðum

sem leið eiga um bæinn. Ef samneysluvara er framleidd handa einum kostar ekkert fyrir aðra að nota hana.

Slíkar vörur munu menn aldrei greiða sjálfviljugir. Kostnaðinn þarf því að innheimta með skattlagningu. Önnur dæmi eru flóðgarðar, vitar, varnarlíð, götulyásing, gatnakerfi í þéttbýli o.s.frv. Þessir hlutir eru framleiddir af opinberum aðilum fyrst og fremst vegna þess að það er ekki hægt að útiloka þá sem ekki borga frá því að njóta góðs af þeim. Stundum er reyndar hægt að útiloka fólk en kostnaðurinn eða tíminn sem það tekur er svo mikill að það er óframkvæmanlegt.

Hér hafa verið nefnd nokkur hlutverk opinberra aðila hér á landi. Skiptar skoðanir eru um hvert sé hið rétta jafnvægi milli opinbers reksturs og einkareksturs. Undanfarna áratugi hafa fyrirtæki hins opinbera mörg verið seld einkaaðilum þar sem ríki og sveitarfélög hafa talið það skynsamlegan og góðan kost. Þessi tilfærsla kallast einkavæðing.

Verkefni

1. Hver eru helstu verkefni opinberra aðila í blönduðu hagkerfi?
2. Hvers vegna geta markaðurinn og einkaaðilarnir ekki leyst þessi verkefni vel af hendi?

3. Gerðu grein fyrir ytri áhrifum neyslu.
 4. Hverjar voru helstu skatttekiur ríkisins 2012?
 5. Hverjar voru helstu útgjaldaliðir ríkisins 2012?
 6. Skilgreindu hugtakið hagsveiflur.
* Hvað felst í þenningskerfi?
Samdráttarskeifi.
- slópp
1) Útstýrða fjármálastaki, þéningamálastaki og beina íhlutun.